

AUGLÝSING

um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1995-1996.

Menntamálaráðherra hefur hinn 29. maí staðfest eftirfarandi úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1995-1996, sem samþykktar voru á fundi stjórnar sjóðsins 22. maí 1995, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

Menntamálaráðuneytið, 29. maí 1995.

F. h. r.

Stefán Baldursson.

Arnór Guðmundsson.

I. Kafli - Lánshæft nám.

1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við skóla, sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita öðrum námsmönnum lán enda stundi þeir sérnám.

Lán er að öllu jöfnu ekki veitt til náms eða starfsþjálfunar þegar námsmaður þiggur laun eða annað endurgjald meðan á námi stendur, þ.e.a.s. ef umsamin mánaðarlaun samkvæmt náms- eða starfssamningi eru hærri en grunnframfærsla, sbr. 3.1.1.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Nám við fjarskóla er ekki lánshæft nema boðið sé upp á a.m.k. 75% af því sem telst fullt nám í reglulegu skólanámi. Sama gildir um hlutanám.

Gestánám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Nám við bréfaskóla er ekki lánshæft. Reglur sem gilda einungis fyrir námsmenn erlendis eiga ekki við þegar námsmaður á Íslandi dvelur tímabundið sem gestanemi við erlendan skóla samkvæmt NORDPLUS eða ERASMUS áætluninni.

1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild

Háskóli Íslands

Háskólinn á Akureyri

Kennaraháskóli Íslands

Ljósmeðraskóli Íslands

Samvinnuháskólinn, rekstrarfræðideild

Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta og tónfræðideild

Tækniskóli Íslands, tæknifræði og heilbrigðisdeild
Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands

1.2.2. Sérnam.

Nám í fjölbrautaskólum og öðrum skólum, sem að meginstofni er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs er að jafnaði ekki lánshæft skv. þessari grein. Nám í eftirtöldum sérskólum er lánshæft:

ATS skóli flugmálastjórnar
Fiskvinnsluskólinn, fisktækninám
Fósturskóli Íslands
Iðnskólar, iðnnám í allt að þrjú ár
Íþróttakennaraskóli Íslands
Leiklistarskóli Íslands
Myndlista- og handíðaskóli Íslands að undanskildu fornámi
Myndlistaskólinn á Akureyri að undanskildu fornámi
Stýrimannaskólar
Tannsmíðaskóli Íslands
Tónlistarskólar, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv. námsskrá menntamálaráðuneytis
Tækniskóli Íslands, iðnfræði
Vélskólar
Þroskaþjálfaskóli Íslands

1.2.3. Annað sérnam.

Heimilt er að veita lán til annars sérnáms enda sé um nægilega veigamikið nám að ræða (a.m.k. eins árs fullt nám) er varðar eðli þess og uppbyggingu og starfsréttindi að mati stjórnar. Námsmaður þarf að hafa náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og námið má að meginstofni ekki vera liður í undirbúningi undir stúdentspróf eða sambærilegt próf. Nám í eftirtöldum skólum er lánshæft samkvæmt þessari reglu:

Bændaskólar, bændadeildir
Dalvíkurskóli, fiskiðn
Fiskvinnsluskólinn, fiskiðnnám
Fjölbrauta- og iðnskólar: Læknaritarnám (bóknám), lyfjatæknanám að undanskildu aðfararnámi, matarfræðingsnám (bóknám), sjúkraliðanám (verklegi hlutinn), tækni-teikun, snyrtifræði (þrjú síðustu misserin)
Garðyrkjuskóli ríkisins
Flugskóli Íslands (bóknám)
Hótel- og veitingaskóli Íslands
Kirkjubæjarskóli, fiskeldi
Meistaraskóli iðnaðarins að undanskildu almennu námi
Samvinnuháskólinn
Tækniskóli Íslands

1.2.4. Réttindi erlendra námsmanna

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki

námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgarétt.

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. fimm ár, og börn hans og maki eiga rétt á samsvarandi aðstoð og íslenskur ríkisborgari, hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár enda sé aðstoð ætluð til starfstengds náms.

1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.6. og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnam.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári, sem lánið er veitt. Lánshæfi er ennfremur háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikilið að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi að mati stjórnar sjóðsins.

Heimilt er að veita námsmönnum, sem hafa lokið fyrrihluta náms á Íslandi en þurfa síðan að fara utan til þess að ljúka námi, undanþágu frá tuttugu ára reglunni.

1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. B.A. prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Sjóðurinn lánar að jafnaði í eitt misseri til tungumálanáms ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og norðurlandamálum öðrum en finnsku. Ekki er lánað fyrir skólagjöldum, nema námsmaður hafi lokið háskólaprófi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Ekki er veitt lán til undirbúningsmálanáms ef námsmaðurinn hefur fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, finnsku, grísku, tékknesku, ungversku, hollensku o.s.frv. Tungumálanám skal að jafnaði stunda við útlendingadeildir háskóla, nema námsmaður sé að hefja framhaldsnám í háskóla.

Ef lánþegi að loknu málanáminu skiptir um námsland er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

II. Kafli - Námsframvinda.

2.1. Náms tími.

2.1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir. Að jafnaði er þó lán ekki reiknað lengur en níu og hálfan mánuð á almanaksári nema fyrir liggja staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori.

Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjá mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

2.1.2. Sumartími.

Ef námi lýkur á almanaksárinu 1996 veitir sjóðurinn aðstoð, þar sem haldið er uppi skipulögðu og fullu námi yfir sumartímann. Eftirfarandi aðrar reglur gilda um veitingu sumarlána 1995, enda hafi menn ekki fullnýtt svigrúm sitt áður en til aðstoðar sjóðsins kemur:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumarönn í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófskírteini til sjóðsins.
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 1996 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður sem lýkur á sumarönn námi sem nemur 75% árangri á venjulegri önn getur fengið lán vegna sumarannar 1996, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám að sumri er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.
8. Lán á sumarmisseri eru reiknuð frá fyrsta degi til síðasta dags misserisins.
9. Aðstoð er ekki veitt til þess að taka þátt í sumarnámskeiðum sem eru ekki eiginlegur hluti þess náms sem viðkomandi stundar.
10. Lán vegna skólagjalda á sumarönn eru greidd út eftirá, um leið og lán vegna framfærslu á önninni.

2.2. Framvinda náms.

2.2.1. Fullnægjandi námsframvinda.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Einungis er tekið tillit

til námskeiða sem nýtast til lokaprófs. Fáir námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri.

2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að fá námslán.

Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi, t.d. 100%, þá telst lágmarksárangur til þess að fá veitt lán hjá LÍN sá sami og kröfur skólans eru.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaðurinn telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til.

Óheimilt er að veita námsmanni lán sem hefur nýtt sér svigrúm í einum ferli en ekki lokið námi fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindu námi.

2.3. Aukið svigrúm í námi.

2.3.1. Almenn.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Ef námsmaður lýkur meira en 75% árangri á seinni hluta námsárs er einnig heimilt að flytja einingar umfram 75% á fyrri misseri og er þá námsárið í heild gert upp.

Reglur þessarar greinar gilda frá og með skólaárinu 1992-93.

2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er að víkja frá reglu 2.2.2. um að námsframvinda á hverju misseri skuli að lágmarki vera 75% af fullu námi, ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Heildarsvigrúm til að ljúka hverjum námsferli skal þó að jafnaði ekki aukið í þessum tilfellum.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði læknis eða læknir vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati læknis.

Nú verður námsmaður veikur seinni hluta annar eða í prófum og er þá heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Í því tilviki er námsmanni veitt 75% lán á næstu önnum þar til hann hefur unnið upp það sem á vantaði að hann næði 50% árangri á þeirri önn sem undanþágan var veitt. Skilyrði er að fyrir liggi læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði læknis eða læknir vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati læknis. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi

verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Þessi regla gildir einungis innan sama námsferils.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilviki.

2.3.3. Örorka.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er gefið aukið svigrúm frá 75% reglunni. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einu misseri í lok náms, þá fær hann lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

Námsmaður, sem hefur verið á lánnum hjá LÍN undanfarin ár og lýkur námi á haustmisseri 1995 fær 100% lán ef hann á ólokið meira en 50% af einingafjölda misserisins. Eigi menn eftir minna en 50% eininga í námi fá þeir það hlutfall láns sem þeir eiga eftir ólokið.

2.3.6. Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánveiting, sem veitt hefur verið eftir haustmisseri skv. vottorði, endurmetin. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

2.3.8. Viðamiknið verkefni í framhaldsháskólanámi.

Ef framhaldsháskólanámi lýkur með viðamiklu verkefni er heimilt að veita lán í eitt misseri til viðbótar við þá námslengd sem fyrri reglur kváðu á um.

2.3.9. Lágmarkseinkunn.

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskildri einkunn.

2.4. Námslengd.

2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur.

Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt.

2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsnámi er átt við meistara, doktors eða licentiatnám eða sambærilegt nám. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám sem ekki lýkur með ædri prófgráðu, t.d. uppeldis- og kennslufræði, félagsráðgjöf og námsráðgjöf, telst vera framhaldsháskólanám, ef krafist er B.A./B.S. prófs, eða sambærilegs prófs, fyrir inngöngu.

Ef námsmaður sem fær lán skv. eldri reglu (7 ára og 12 ára regla) gerir meira en eins árs hlé á námi sínu telst hann falla undir 5 og 10 ára reglu.

2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

2.5. Námslok.

2.5.1. Almennt.

Námslok teljast þegar námsmaður hættir að sækja um lán, nema sýnt sé fram á annað. Gildistími síðustu umsóknar ákvarðar þannig námslok sbr. grein 5.1.2. Námslok teljast vera hálfum mánuði eftir að námsmaður fær lán greitt vegna síðasta aðstoðartímabils, ef lán er veitt til námsloka enda líði ekki meira en mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Ef ekki er veitt lán til námsloka en námsmaður stundar fullt nám án þess að gera lengra hlé á námi sínu en sem nemur einu skólaári, skulu námslok teljast á síðasta degi þess misseris sem námsmaður lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast.

2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á lánum til námsloka þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok teljast hálfum mánuði eftir að námsmaður fær greitt út lán vegna síðasta aðstoðartímabils, enda líði minna en einn mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.4. Námshlé að hámarki eitt ár.

Ef námsmaður gerir lengra hlé á námi sínu en eitt ár, skulu námslok teljast vera hálfum mánuði eftir að námsmaður fær lán greitt út vegna síðasta aðstoðartímabils, enda líði minna en mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.5. Námshlé lengra en eitt ár.

Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt ár, skal líta á seinni hlutann sem nýtt nám. Þá skal gefið út sjálfstætt skuldabréf sem ber vexti á öðrum tíma en fyrra skuldabréf vegna sama náms.

2.5.6. Skilgreining á námshléi.

Námshlé teljast þau misseri sem námsmaður stundar ekki fullt nám eða sækir ekki um námslán. Þetta gildir þó ekki um námsmenn sem eru að ljúka námi og ljúka þeim prófum sem þeir eiga eftir.

2.5.7. Fullt nám.

Námsmaður telst í fullu námi þegar hann skilar að lágmarki 75% árangri á önn eða árangri sem talinn er lánshæfur skv. reglum sjóðsins.

2.5.8. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. Kafli - Framfærsla og tekjur.

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1995 - 31. maí 1996 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 53.500.

3.1.2. Grunnframbærsla í útlöndum.

Grunnframbærsla í útlöndum, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframbærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskoðað tvisvar á ári (júní og desember) með hliðsjón af þróun verðlags og gengis.

3.2. Frambærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1.– 4.5. áhrif á frambærslu námsmanns. Frambærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

3.3. Tekjur.

3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 1995 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Áhrifum tekna skal dreift yfir skólaárið.

3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádregnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð hjá námsmanni sem kemur úr námshléi, enda liggja fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu.

3.3.3. Lækkun tekna maka.

Ef maki námsmanns erlendis hættir í vinnu eða tekjur hans skerðast verulega á aðstoðarárinu er heimilt að taka tillit til þess og leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur til grundvallar útreikningnum sbr. grein 3.3.2.

Auk þess er heimilt að reikna niður tekjur maka ef námsmaður og maki hefja sambúð/slíta sambúð á námstíma. Leggja skal allar tekjur maka á árinu 1995 til grundvallar við útreikning lánsins, og áhrifum teknanna dreift yfir skólaárið skv. grein 3.3.1. Sá hluti umframtekna maka sem koma á til frádráttar á tímabilinu áður en sambúð hófst eða eftir að henni lýkur, er felldur niður.

3.3.4. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 1995.

3.3.5. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað 1. júní 1995 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

3.3.6. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4. Hvað telst til tekna.

3.4.1. Tekjur á árinu 1995.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 1995 teljast til tekna við útreikning á námslánum.

3.4.2. Námsstyrkir.

Náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ á námstíma umfram skólagjöld reiknast sem tekjur sbr. grein 4.8.1. Óheimilt er að beita ákvæðum greinar 3.3.2. á styrki.

3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Framfærslustyrkir á námstíma frá Rannsóknarsjóði námsmanna og Vísindasjóði skulu dragast að fullu frá láni námsmanns. Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán.

3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 1995, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir að frádregnum kr. 17.000, helmingur greidds meðlags, önnur skólagjöld og rannsóknarkostnaður, sem námsmaður greiðir með andvirði styrkja sbr. gr. 3.5.3.

3.5. *Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.*

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

IV. Kaffli - Lánaflokkar.

4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar. Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattyfirvalda.

4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.

4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 140.000 koma til frádráttar.

4.2.2. Námsmenn sem búa hjá einstæðu foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðöldum námsmanni.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000

koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram framfærslu. Framfærsla maka reiknast á sama hátt og námsmanns. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum (Sjá gr. 4.5.).

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

4.5. Lán vegna maka.

4.5.1. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) á misseri hækkar um 50% vegna maka:

- Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
- Námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu og maki kys að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 50% tekna námsmanns og maka umfram 270.000 til frádráttar.

4.5.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. 2.2.2.

4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 5.800 USD á námsári, eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi eins og það var annan ágúst 1994.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 40% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

4.8.1. Skólagjöld.

Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 17.000 er

veitt lán fyrir umframfjárhæðinni. Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 31.000 USD eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi eins og það var annan ágúst 1994. Þeir sem fyrir útgáfu úthlutunarreglna 1991 fengu hærri skólagjaldalán, munu fá skólagjaldalán afgreidd eftir fyrri reglu til að ljúka núverandi námi.

4.8.2. Skólagjöld skv. fyrri reglum.

Þeir námsmenn sem nutu lána vegna skólagjalda á námsárinu 1991-92 eða fyrr eiga rétt á lánum skv. fyrri reglum þar til þeir ljúka námi að næstu prófgráðu. Geri námsmaður lengra hlé á námi sínu en 1 ár missir hann þennan rétt. Hámarkslán vegna skólagjalda umfram fenginn styrk hjá þeim námsmönnum sem eiga rétt á láni skv. fyrri reglum skulu hækka í 5.800 USD á námsári og 31.000 USD sbr. gr. 4.8.1 á skólaárinu 1995-96.

4.8.3. Hámarksupphæð.

Við ákvörðun hámarksupphæðar skólagjalda (USD 5.800 og USD 31.000) í einstökum gjaldmiðlum öðrum en bandaríkjadöllum er miðað við gengi eins og það var annan ágúst 1994.

4.8.4. Skipt um skóla.

Skipti námsmenn um skóla á miðju ári sem eiga rétt á lánum vegna skólagjalda í grunnháskólanámi eða sérnámi erlendis miðast hámark skólagjalda við USD 2.900 á hvoru misseri.

4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.

4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt þannig að lánaheimild sé fullnýtt. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka og systkini og börn.

4.9.2. Hámarkslán.

Hámarkslán á misseri skv. þessari grein er mánaðarframfærsla námsmanns, sem miðast við fjölskyldustærð.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögnum. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðra-

skoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.11. Lán vegna vaxtakostnaðar.

Fyrir útborgun námslána, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal reikna hlutfallslega vaxtaábót sem skal miða við að tekið sé fullt tillit til vaxtakostnaðar vegna munar útborgunartíma á skólaárinu 1995-96 og þeim sem gildi á skólaárinu 1991-92. Þessi hlutfallslega ábót bætist við útreiknuð námslán viðkomandi námsmanns og nefnist vaxtaábót.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Þau greiðast þegar viðkomandi námsmaður hefur skilað afriti af farseðli sem sýni að ferð hafi verið farin.

4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar skólaárið 1995-96, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka á Norðurlöndum 30.000 krónur á mann, en 35.000 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 45.000 krónur í Norður Ameríku og 70.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán sem námsmenn á Íslandi eiga kost á skólaárið 1995-96 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 12.000 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils og heim allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

4.12.5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað.

Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust og vorannar.

4.13. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Aðeins er veitt lán vegna helmings einfalds meðlags á námstíma. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

V. Kafli - Umsóknir og útborgun lána.

5.1. Umsóknir um námslán.

5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást að jafnaði einnig í skólum og sendiráðum Íslands erlendis.

5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Hver umsókn gildir til loka skólaárs. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 1996 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist fjórum vikum áður en lánshæfur námstími hefst.

Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 1996 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

5.1.4. Synjun um námslán.

Tilkynna skal námsmanni ef honum er synjað um námslán. Þegar synjun er tilkynnt skulu fylgja með upplýsingar um: a) heimild námsmanns til að fá synjunina rökstudda og b) hvert beina skuli kæru, ef um slíkt er að ræða.

5.1.5. Náms- og lánsfjáráætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.3.

5.2. Útborgun námslána.

5.2.1. Útborgun námslána.

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán

greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 1995-1996 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 1997, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins. Á sama hátt skal lánveitingum vegna námsársins 1994-1995 lokið fyrir 1. febrúar 1996.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8.1 og kafla 4.12 á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

5.2.2. Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 1995 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.3. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.

Stjór sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

5.2.4. Bóka- og aukalán.

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

5.2.5. Hlutilán.

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

5.2.6. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3. Umboðsmaður, ábyrgðarmaður og skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla.

5.3.1. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.

5.3.2. Ábyrgðarmenn.

1. Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánþega, en flestir geta ábyrgðarmenn orðið 10. Þeir skulu vera fjárráða og að jafnaði íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Ábyrgðarmenn þurfa að fullnægja sömu skilyrðum

- og lánþegar sjóðsins, sbr. 5.3.3. Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns skal vera 5 milljónir króna en lágmarksábyrgð 100.000 kr.
2. Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra fjárhagslegra ástæðna.
 3. Óski námsmaður að setja veð til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram veðbókarvottorð, þar sem fram komi uppreiknuð lán, ef þau eru verðtryggð, sem hvíla á viðkomandi eign. Fram þarf að koma að hann sé eigandi eignarinnar eða hann hafi heimild frá eiganda, svo og frá maka ef einhver er, til þess að veðsetja hana. Þá þarf hann að leggja fram fasteigna- og brunabótamat og staðfestingu á eftirstöðvum lána sem hvíla á eigninni.

5.3.3. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af bersýnilegum ástæðum ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á að hann geti lagt fram sérstakar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

5.4. Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánnum og greiðir til réttra aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflega.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána.

5.5. Breytingar á aðstoð.

5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduáðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísvitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. Vísvitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á

m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

5.7. *Ofgreidd lán.*

5.7.1. *Ofgreidd lán.*

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutímminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

5.7.2. *Skuldabréf.*

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3. *Vextir.*

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4. *Innheimta.*

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð á námsárinu.

5.8. *Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.*

5.8.1. *Námsmenn á Íslandi.*

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2. *Námsmenn á Norðurlöndum.*

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsopgørelse“, í Noregi „bruttoinntekt“ og í Svíþjóð „terminalbild 44“.

5.8.3. *Námsmenn í öðrum löndum.*

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.8.4. *Endurgreiðsla.*

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

5.9. *Mistök sjóðsins.*

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðrættist sem fyrst. Ef veruleg mistök verða námsmanni í hæg, er honum tilkynnt það og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvemig endurgreiðslu skuli hagað.

VI. Kafi - Samnorrænar reglur um lán á Norðurlöndum.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

- A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
- B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.
Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte
Danasvej 30
DK-1910 Fredriksberg C
Sími: 90-45-31214666

NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning
P. boks 195, Østre Aker vei 20
N-0510 Oslo 5
Sími: 90-47-22726700

FINNLAND

Folkpensionsanstaltens
Studiestödscentral
P.O. Box 228
FIN-40 101 Jyvaskyla 10
Sími: 90-358-41-698611

SVÍÐJÓÐ

Centrala studiestödsnämnden
S-851 82 Sundsvall
Sími: 90-46-60-186000

VII. Kafi - Lánskjör.

7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.

7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neyslúverðs Seðlabanka Íslands.

7.1.2. Verðtrygging.

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neyslúverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

7.1.3. Námslok.

Þegar skírteini um lokapróf berst sjóðnum er hafinn undirbúningur að því að ganga frá skuldabréfi námsmanns. Lántaka skal þá sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyrja skuldabréfinu. Honum er jafnframt tilkynnt um hvenær hann er talinn hafa lokið námi og vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálf mánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er skuldabréfið fyllt út.

7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið og fylla út skuldabréf eftir aðgerðir sbr. 7.1.2.

7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

7.1.6. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfra mánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

7.2. Endurgreiðslutími.

7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.6.

7.2.2. Gjald dagar.

Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. júlí, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

7.2.3. Vextir.

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. september og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 48.000 kr. og miðast við lánskjaravísitölu 3.198. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 5 við afborganir af láninu fyrstu fimm árin. Eftir það skal hundraðshlutinn vera 7. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áður nefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.4. Undanþágur.

7.4.1 Undanþága frá árlegri endurgreiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu verði skyndilegar breytingar á högum lánþega, t.d. vegna veikinda eða slyss, sem skerða ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum og ófyrirséðum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

7.4.2. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjölum.

7.4.3. Nám hafið að nýju.

Nú hefur lánþegi sem hefur nám að nýju svo háar tekjur að honum reiknast tekjutengd afborgun af fyrri lánum og er þá að jafnaði ekki heimilt að veita viðkomandi frest á afborgun.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X •	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T ••	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

- nefnast V-lán eftir sameiningu
- nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R- lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T- láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánunum.

7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sbr. lög nr. 21/1992.

Reykjavík, 29. maí 1995.

Björn Bjarnason,
menntamálaráðherra.